

**Coþraboranir við Oddagötu. Athugun á þykkt  
lausra jarðlaga**

**Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð PPH-89-11**

### Cobroranir við Oddagötu Athugun á þykkt lausra jarðlaga


Verkfræðistofan Ferill óskaði eftir að borað yrði með cobra-bor á svæðinu sunnan og austan við Oddagötu í Reykjavík til að kanna þykkt á lausu jarðlagi. Þetta var gert þann 10. nóvember 1989. Borað var í gróið land á fyrirfram útsettum stöðum, sem ekki eru allir sýndir á meðfylgjandi mynd, en þeir eru í höfuðdráttum á þrem línum; A, B, og C. Holurnar eru níu og eru merktar A-2, A-3, A-4, B-2, B-3, B-4, C-2, C-3 og C-4. Þarna er mestanpart um að ræða moldarfillingu, en nokkuð grjót og annað drasl er þó innan um og samanvið. Þurfti því oftast nokkrar tilraunir til að komast niður fram hjá því. Eru hér aðeins teiknaðir borferlar þeirra holna sem dýpstar urðu á hverjum stað.

Við cobrorun er mældur reksturshraði borstanga á 20 cm bili. Hraðafarlarnir eru sýndir á meðfylgjandi blöðum. Í borlok þýðir fullyrðingin "stopp" að borinn hafi nánast stöðvast en að fyrirstaðan sé ekki mjög afmörkuð. "fast" er notað þegar fyrirstaðan er töluvert ákveðin; borinn heggur og jafnvel glamrar. Þýðir það þá annað hvort að komið sé í fasta klöpp eða á stóran stein. Regla er að hætta borun ef ekki rekast 20 cm á mínútu, ellegar 10 cm á hálfri.


Eins og fram kemur á meðfylgjandi ferlum eru skil milli fasts jarðlags og lauss ágætlega glögg. Samt sem áður er líklegt að undir moldarfillunni sé að minnsta kosti staðar nokkuð svo ísmeygileg, hálfharðnað set, sem tilheyrir svokölluðu Fossvogsseti. Borinn getur gengið ofurlítið ofan í það að því virðist, þó að hægt fari.

Meðfylgjandi eru borhraðafarlar á þrem blöðum svo og afstöðumynd.


Þórólfur H. Hafstað




A-2




A-3




A-4




B-2




B-3




B-4



C-2



C-3



C-4

